

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Hörgársveitar og fundarskóp sveitarstjórnar, nr. 678/2013, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. samþykktarinnar:

- a. Á eftir orðunum „í störfum sveitarfélagsins“ í 1. tölul. kemur: , sbr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga.
- b. 8. tölul. orðast svo: Að samþykkja og hafa eftirlit með gerð og framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.

#### 2. gr.

14. gr. samþykktarinnar orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Þátttaka í fundi með rafrænum hætti.*

Sveitarstjórnarmönnum/nefndarmönnum í sveitarstjórn, nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins er heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti, séu þeir staddir í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess. Fer um framkvæmd slíkra funda skv. leiðbeiningum ráðuneytis sveitarstjórnarmála, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 40. gr. samþykktarinnar:

- a. 3. tölul. A-liðar orðast svo: *Félagsmála- og jafnréttisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og skv. 13. gr. laga um stjórnslu jafnréttismála nr. 151/2020. Félagsmálanefnd fer jafnframt með stjórn og samræmingu húsnæðismála sveitarfélagsins, sbr. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
- b. 2. tölul. B-liðar orðast svo: *Þing SSNE*. Tveir aðalmenn og tveir varamenn.
- c. 3., 6. og 11. tölul. B-liðar falla brott.
- d. 9. tölul. B-liðar orðast svo: *Almannavarnanefnd í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra*. Einn aðalmaður og einn varamaður.
- e. 10. tölul. C-liðar fellur brott.

#### 4. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Hörgársveitar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 4. mars 2022.*

F. h. r.

**Guðni Geir Einarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Hafdís Gísladóttir.*